



Borgarráð

Reykjavík, 25. september 2026

MSS26090110

Verksamningur um hönnun og byggingu Þjóðarhallar í Laugardal

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi verksamning milli Þjóðarhallar ehf. og ÍAV hf. um hönnun og byggingu Þjóðarhallar í Laugardal. Jafnframt verði formanni stjórnar Þjóðarhallar ehf. heimilað að undirrita verksamninginn fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. Fyrir verkið ber verkkaupa að greiða verktaka kr. 16.825.569.986 að meðtöldum virðisaukaskatti sem nemur um 3,3 milljörðum kr. Verktaki skal skila verkefninu eigi síðar en 25. janúar 2030. Hluttur Reykjavíkurborgar er 45% eða 8,7 milljarðar kr. sem greiðast skal á árunum 2025-2030.

Greinargerð:

Þjóðarhöll ehf., fyrir hönd ríkis og Reykjavíkurborgar, valdi tilboð Íslenskra aðalverktaka hf. að hönnun og byggingu nýrrar Þjóðarhallar í Laugardal í júní sl. Formaður stjórnar Þjóðarhallar ehf. kynnti niðurstöðurnar fyrir borgarráði þann 18. júní sl. Um er að ræða fjölnota íþróttamannvirki sem mætir kröfum nútímans með fyrirmyndaraðstöðu fyrir landslið, íþróttafélög og almenning til íþróttaiðkunar, áhorfs og samveru.

Fjármála-og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt fyrir sitt leyti að undirritun fari fram með rafrænum hætti og að formaður stjórnar Þjóðarhallar ehf. undirriti samninginn fyrir hönd Þjóðarhallar ehf. Jafnframt er lagt til við borgarráð að samþykkja að heimila formanni stjórnar Þjóðarhallar ehf. að undirrita samninginn f.h Reykjavíkurborgar.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf formanns stjórnar Þjóðarhallar ehf. dags. 25.9.2026

Verksamningur um hönnun og byggingu Þjóðarhallar



Reykjavík

Reykjavík 25.september 2026

Borgarstjóri
Hildur Björnsdóttir
Ráðhúsinu

Efni: Samningur við ÍAV hf. um hönnun og byggingu Þjóðarhallar í Laugardal.

Á fundi borgarráðs 18. júní s.l. fór fram kynning á stöðu samstarfsverkefnis ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu Þjóðarhallar í Laugardal fyrir inniþróttir.

Í kynningunni kom m.a fram:

- Að eigendur hafa samþykkt að heildarhlutafjárukning Þjóðarhallar ehf verði allt að kr. 19,4 ma.kr. Hlutur ríkisins er 55% kr. eða 10,6 ma. kr. Hlutur Reykjavíkurborgar 45% eða 8,7 ma.kr. sem greiðast skulu á árunum 2025-2030.
- Að Reykjavíkurborg hefur þegar fengið greitt kr. 2.061 ma.kr. í formi lóðar og gatnagerðargjalda.
- Að tilboð ÍAV hf. að upphæð kr 16,8 ma.kr. í hönnun og byggingu Þjóðarhallar ehf. hafi verið tekið. Tækifæri eru til staðar til hagræðingar samhliða samningsgerð og fullnaðarhönnun án þess að það breyti kröfum um gæði og notagild.

Nú liggja fyrir drög að verksamningi milli Þjóðarhallar ehf. og ÍAV hf. um hönnun og byggingu Þjóðarhallar í Laugardal. Fyrir verkið ber verkkaupa að greiða verktaka kr 16.825.569.986 millj., að meðtöldum virðisaukaskatti, sem nemur um kr. 3.3 ma.kr.

Verktaki skal skila verkefninu eigi síðar en 25. janúar 2030.

Fjármála-og efnahagsráðuneytið hefur samþykkt fyrir sitt leyti að undirritun fari fram með rafrænum hætti og að formaður stjórnar Þjóðarhallar ehf., undirriti samninginn fyrir hönd Þjóðarhallar ehf.

Lagt er til að borgarráð samþykki samninginn og heimili formanni Þjóðarhallar ehf. að undirrita samninginn f.h. Reykjavíkurborgar.

F.h. stjórnar Þjóðarhallar hf.

Thomas Möller, formaður

FSK. Samningur milli Þjóðarhallar ehf og ÍAV hf.

VERKSAMNINGUR UM
HÖNNUN OG BYGGINGU ÞJÓÐARHALLAR Í LAUGARDAL
Útboð nr. 22169

September 2026

VERKKAUPI:
Þjóðarhöll ehf.

Verktaki:
Íslenskir aðalverktakar hf.

Verkkaupi: Þjóðarhöll ehf. Lindargata 1-3 101 Reykjavík kt. 460324-0840	Verktaki: Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakki 9 110 Reykjavík kt. 660169-2379
--	---

1. gr.
Samningsverkið

Verkið felst í hönnun og byggingu Þjóðarhallar í Laugardal í samræmi við ákvæði útboðsgagna og tilboð verktaka. Verktaki skal skila fullbúnu mannvirki að utan og innan ásamt lóð og tengingum við nærumhverfi.

2. gr.
Samningsgögn

Eftirfarandi samningsgögn skulu teljast hluti þessa samnings og skal verkið unnið í samræmi við þau:

1. Verksamningur þessi.
2. Öll útboðsgögn með áorðnum breytingum, sbr. kafli 1.7 í útboðslýsingu.
3. Tilboð verktaka og öll fylgigögn þess, dagsett 11. febrúar 2026.
4. Verkáætlun verktaka, dagsett 19. ágúst 2026
5. Verktrygging verktaka - yfirlýsing, dagsett 13. Ágúst 2026
6. Listi yfir undirverktaka verktaka.
7. Upplegg að ÖHU-áætlun verktaka
8. Yfirlit yfir váttryggingar verktaka og undirverktaka.
9. Siðareglur starfsmanna verktaka.
10. ÍST 30:2012, að undanskildum kafla um útboð.
11. ÍST 35:2018.

3. gr.
Samningsfjárhæð

Fyrir verkið ber verkkaupa að greiða verktaka kr. 16.825.502.986 að meðtöldum virðisaukaskatti.

4. gr.
Verktími og tafabætur

Verktaki skal ljúka verkinu eigi síðar en 25. janúar 2030. Ljúki verktaki ekki verkinu á tilskildum tíma skal hann greiða verkkaupa tafabætur samkvæmt grein 9.4 í samningsskilmálum.

5. gr.
Ágreiningsmál og annað

Um ágreiningsmál sem kunna upp að koma við framkvæmd verksins skal fara eftir 13. kafla samningsskilmála.

Í sáttarnefnd sitja Víðir Smári Petersen , sem er formaður, Björn Stefánsson (tilnefndur af verkkaupa) og Sigurður Sigurðsson (tilnefndur af verktaka)

Þjóðarhöll 05 - Samningsskilmálar

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, handa sitt hvorum aðila.

Reykjavík, 30. september 2026

F.h. Þjóðarhallar ehf.

F.h. Íslenskra aðalverktaka hf.

Tómas Möller

Stjórnarformaður

Sigurður R. Ragnarsson

stjórnarformaður